

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttætni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Þingeyjarsveitar. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa og alla aðra fulltrúa sem sveitarstjórn skipar til setu í nefndum og ráðum Þingeyjarsveitar.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar fylgja lögum, reglum og samþykktum Þingeyjarsveitar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber fyrst og fremst að starfa í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum, og vera tilbúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Þeir skulu svara íbúum sveitarfélagsins eins og kostur er um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar. Með grundvallareglur um góða stjórnarsýslu að leiðarljósi skulu fulltrúar tryggja gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og framkvæma ekkert sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um annað en lögmæt málefnaleg sjónarmið.

3. gr.

Háttvísi, virðing og valdamörk

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar og aðrir fulltrúar sem sveitarstjórn skipar til setu í nefndum og ráðum koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum Þingeyjarsveitar fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar og aðrir fulltrúar sem sveitarstjórn skipar til setu í nefndum og ráðum skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á beinna eða óbeinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu skal viðkomandi gera grein fyrir þeim hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd. Um hæfi kjörinna fulltrúa við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum Þingeyjarsveitar.

5. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallareglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.
Trúnaður

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að starfs síns vegna. Þeir skulu gæta þagmælsku og trúnaðar um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Þingeyjarsveitar. Trúnaðarskylda helst þó látið sé af starfi.

7. gr.
Gjafir og fríðindi

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum sveitarstjórnar eða nefnda.

8. gr.
Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að tryggja að störf eða stöðuveitingar byggist á hæfi einstaklings eingöngu og að hæfasti einstaklingurinn sé ávallt valinn í viðkomandi starf. Kjörnir fulltrúar skulu í sínu starfi hjá Þingeyjarsveit ekki gera neitt sem veitir þeim starfslegan ávinning á meðan þeir sitja sem kjörnir fulltrúar eða eftir að þeir hafa látið af störfum.

9. gr.
Gildistaka og endurskoðun

Kjörnum fulltrúum og öðrum skipuðum fulltrúum í nefndum og ráðum ber að tileinka sér þessar siðareglur, lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt á 24. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 11. maí 2023

Við undirrituð undirgöngumst siðareglurnar og staðfestum það með undirritun okkar:

Gerður Sigtryggsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Eyþór Kári Ingólfsson

Halldór Þorlákur Sigurðsson

Haraldur Bóasson

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir

Arnór Benónýsson